

Langanesbyggð  
Langanesvegur 2  
680 Þórshöfn

Reykjavík, 17. apríl 2023  
UST202304-084/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 vegna stækkunar á hafnarsvæði Þórshafnar og heildarendurskoðun á deiliskipulagi**

Vísað er til erindis Langanesbyggðar er barst 12. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 vegna stækkunar á hafnarsvæði Þórshafnar og heildarendurskoðun á deiliskipulagi fyrir svæðið.

Í greinargerð kemur fram breytingin gerir ráð fyrir stækkun á hafnarsvæði, vegna lengingar á hafnarkanti og aukinni uppbyggingu á hafnsækinni starfsemi á svæðinu.

Markmið með endurskoðun á deiliskipulaginu er að skapa góð skilyrði fyrir fiskihöfn og vinnslu, m.a. með því að lengja hafnargarð/-kant og stækka hafnarsvæðið með landfyllingu sem gert er ráð fyrir í nágildandi aðalskipulagi, að bæta aðkomu að hafnarsvæðinu og gera umferð um svæðið skilvirkari, að styrkja hafnsækna starfsemi og skilgreina nýjar lóðir og byggingareiti fyrir fyrirhugaða uppbyggingu á svæðinu, að skapa áfram góð skilyrði fyrir smábáthöfn og að skilgreina göngutengingar innan svæðisins og við aðliggjandi svæði.

#### **Landfylling**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni stærð svæðis sem fer undir landfyllingu, hver er áætluð efnisþörf landfyllingar og hvaða efni á að nota.

Ef gert er ráð fyrir opinni landfyllingu er þá um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að skv. OSPAR samningnum um verndun hafrýmis Norðaustur Atlantshafsins og 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi fyrir varpi í hafið.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um varp í hafið þurfa að berast stofnunni upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Umhverfisstofnun getur ekki veitt leyfi til varps í hafið vegna fyrirhugaðra framkvæmda nema sýnt verði fram á að efnið falli undir b-lið 9. gr., þ.e. að um sé

að ræða náttúruleg, óvirk efni, og upplýsingar berist samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni að varp dýpkunarefna og náttúrulegra óvirkra efna í hafið, þ.e. fastra jarðefna, er háð leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 9 gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.<sup>1</sup>

## Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað verið um hvernig fráveitumálum verði háttað. Samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála kemur fram að öll strandsjávarhlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafraðilegu ástandi. Losun fráveituvatns er í strandsjávarhlotið Hvannadalir að Digranesi nr. 102-1367-C og er ástand þess óþekkt vegna skorts á gögnum.

Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar er engin hreinsun á fráveituvatni frá þéttbýlinu. Slíkt er ekki í samræmi við kröfur laga og veldur auk þess mikilli umhverfismengun. Í fráveituvatni í dag er ekki eingöngu lífrænt efni heldur einnig t.d. úrgangur, lyfjaleifar og örplast og því mikilvægt að ráðast í úrbætur sem fyrst.

Í samræmi við lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna skal setja fram fyrirætlanir um safnkerfi og sameiginleg hreinsivirkni og áætlun send heilbrigðisnefnd

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Björn Stefánsson

**sérfræðingur**

---

<sup>1</sup> [https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/Leiðbeinandi%20reglur%20um%20meðferð%20dýpkunarefnis\\_des2016.pdf](https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/Leiðbeinandi%20reglur%20um%20meðferð%20dýpkunarefnis_des2016.pdf)